

5. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr bæjarsjóði. Bæjarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð eyddra sorppoka vegna viðkomandi fasteignar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með brot á samþykktum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1974.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um tjald- og hjólhýsasvæði.

1. gr.

Leyfisveiting.

1. Þeir, sem ætla að opna tjald- og hjólhýsasvæði fyrir ferðafólk og taka gjald fyrir, skulu leita leyfis viðkomandi heilbrigðisnefndar. Verði því eigi komið við, þá skal leita leyfis Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
2. Áður en heilbrigðisnefnd samþykkir leyfisveitinguna, ber henni að leita umsagnar hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Náttúruverndarnefnd, slökkviliði, vegayfirvöldum og bygginganefnd. Sama gildir og um samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
3. Í umsókn um tjaldsvæðisleyfi skal gerð grein fyrir staðarvali, stærð svæðis og aðstöðu til vatnsöflunar og hreinlætisaðstöðu. Uppdráttur fylgi umsókn.
4. Í leyfi fyrir opnun eða stækkun tjaldsvæða, skal tekið fram hámarksfjöldi leigðra tjalda og hjólhýsa.
5. Heilbrigðisnefnd skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti ríkisins um veitt leyfi fyrir tjaldsvæðum, og tilgreini hvenær þau verði opin.

2. gr.

Staðsetning tjaldsvæða.

1. Ekki má leyfa tjaldsvæði þar, sem búast má við ónæði frá nálægri umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi, ekki heldur þar sem hætta er á ónæði frá tjaldsvæðinu. Enn fremur skal forðast þá staði, þar sem hætta er á óþægindum vegna óþrifa, ólyktar, sóts, ryks og þess háttar.
2. Tjaldsvæðinu skal valinn staður, þar sem skjól er og gróður það sterkur að hann þoli álagið. Einnig skal afrennsli nægilega tryggt.

3. gr.**Stærð tjaldsvæðis.**

1. Eigi má áætla minna en 80 fermetra svæði undir hvert tjald eða hjólhýsi, þannig að bæði tjald eða hjólhýsi og bill geti staðið þar samtímis. Sé um að ræða tjald án bifreiðarstæðis, þá skal ætla 50 fermetra undir slíkt stæði. Til sameiginlegra þarfa skal enn fremur ætla aðra 80 fermetra á hvert tjald- eða hjólhýsastæði. Minnsta fjarlægð milli tjalda eða hjólhýsa skal vera 4 metrar.
2. Sérstök svæði skulu vera fyrir hjólhýsi, tjaldsvæði með bílastæði við og fyrir tjöld án sérstaks bílastæðis.

4. gr.**Umferð.**

1. Alla akvegi til og frá tjaldsvæði, akstursbrautir innan svæðis og bílastæði, skal skipuleggja með umferðaröryggi í huga. Skal þá sérstaklega höfð í huga sú hætt, er fylgir börnum að leik. Rykbinda skal þessa vegi, ef nauðsyn krefur.
2. Tjaldsvæði skulu lokuð að nóttu til og á enginn kröfu á aðgangi að þeim milli kl. 23 að kvöldi til kl. 8 að morgni. Girða skal tjaldsvæðið af, svo fram- arlega sem það er ekki afmarkað af náttúrunnar hendi, t. d. af læk eða öðru. Að öðru leyti skal tjaldsvæðið vera skepnuhelt. Innakstri að tjaldsvæði skal loka með hliði.
3. Bílastæði skal skipuleggja með tilliti til hugsanlegrar mengunar vatnsbóla.

5. gr.**Vatn og frárennsli.**

1. Á tjaldsvæði skal séð fyrir nægilegu magni vatns, sem uppfyllir kröfur um neysluvatn. Koma skal í veg fyrir sírennsli vatns með sérstökum útbúnaði.
2. Skolpi og öðrum fljótandi úrgangi skal safnað saman og leiða í burt, á þann hátt að ekki hljótist af óþægindi eða óþrif.
3. Fyrir hjólhýsi þarf að vera aðstaða til þess, að unnt sé á hreinlegan hátt að tæma og hreinsa kemisk salerni.

6. gr.**Salerni.**

1. Vatnssalerni skulu notuð þar sem hægt er að koma við frárennislögnum í sameiginlega skólþveitu eða rotþró.
2. Fjarlægð frá salernisbyggingu til næsta tjaldstæðis eða hjólhýsis skal vera minnst 20 metrar.
3. Tæming salerna skal fara fram svo oft sem þurfa þykir. Umhirða og viðhald salerna skal við það miðast, að ekki verði um óþægindi eða óþrif að ræða.
4. Fjöldi hreinlætistækja skal vera í hlutfalli við leyfðan fjölda tjalda og hjól- hýsa.

7. gr.**Sorp.**

1. Tunnur eða pokar á grind skulu vera fyrir hendi undir rusl, matarleyfar og annan úrgang. Tæming skal fara svo oft fram sem nauðsyn krefur.

8. gr.

Uppþvottur.

1. Á tjaldsvæði skal vera sérstakur staður til uppþvotta og skal þar vera nægilegt vatn og ekki hætta á að skólp mengi neysluvatn.

9. gr.

Sjúkrakassi, sjúkrabörur.

1. Á sérhverju tjaldsvæði skal vera sjúkrakassi og sjúkrabörur í vörslu umsjónarmanns.

10. gr.

Leiðbeiningaskilti.

1. Upplýsingaskilti, með alþjóðlegum táknum, skulu vera á áberandi stöðum.

11. gr.

Umhirða á tjaldsvæðum.

1. Öll tjaldsvæði skulu háð gæslu.
2. Heimilt er þeim, er leyfi hafa til reksturs tjaldsvæðis að setja reglur þar sem kveðið er á um skyldur gesta um t. d. snyrtimennsku, háreysti, umferð, og meðferð elds og annað, er máli skiptir.
3. Gæslumanni er heimilt að vísa þeim á brott, sem gerast brotlegir við settar reglur og láta ekki af þrátt fyrir tilmæli.

12. gr.

Gjald og flokkun.

1. Heimilt er að taka gjald af gestum, sem tjaldsvæði nota, til þess að standa straum af kostnaði við gæslu og rekstur. Upphæð gjalds skal miða við þjónustu og aðstæður hverju sinni í samræmi við fyrirmæli samgönguráðuneytisins.
2. Heimilt er, að flokka tjaldsvæði eftir fjölbreytni og gæðum þeirrar þjónustu, er látin er í té á svæðinu.

13. gr.

1. Þar sem aðstæður leyfa ekki þá þjónustu, sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari, getur hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd með samþykki sveitarstjórnar og að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, veitt undanþágur frá reglugerð þessari.
2. Komi upp ágreiningur milli þessara aðila má vísa málinu til heilbrigðismálaráðherra, sem sker úr um ágreininginn.

14. gr.

Almennt.

1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða heilbrigðisreglugerðar, byggingasamþykktar, lög- reglusamþykktar, ákvæða laga og reglugerðar um náttúruvernd, svo og annarra laga og reglugerða, sem um þetta mál fjalla og gilda fyrir umdæmið.

15. gr.

Lokun.

1. Heilbrigðisnefnd er heimilt að stöðva starfrækslu tjaldsvæða, ef skilyrðum laga, heilbrigðisreglugerðar eða reglugerðar þessarar eða fyrirmælum heilbrigðisnefnda

samkvæmt heimildum í þeim ákvæðum er ekki fullnægt um starfræksluna, land eða tæki, sem notað er.

16. gr.

Málsmeðferð og viðurlög.

1. Með mál, sem rís út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála.
2. Fyrir brot gegn reglugerð þessari eða fyrirmælum gefnum samkvæmt henni, skal refsa með sektum, en með varðhaldi ef miklar sakir eru.
3. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið dagsektir, allt að kr. 2000.00 þar til úr verður bætt. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta hann síðan hjá hlutaðeigandi. Kostnað og dagsektir má innheimta með lögtaki. Dagsektir renna í sveitarsjóð.

17. gr.

Gildistaka.

1. Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustu-hætti og heilbrigðiseftirlit, og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jón Ingimarsson.

AUGLÝSING**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 23. maí 1974 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss.

Skipulagsuppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Selfosshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.